

Dómsorð:

Ákærði, Óli Jón Ólason, fæddur 4. mars 1956, skal sæta fangelsi í 4 mánuði. Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 4 dagar, er ákærði sat í gæsluvarðhaldi.

Ákærði greiði kr. 8.000.00 í sektt il ríkissjóðs. Í sektar stað komi fangelsi í 40 daga, verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar af kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Mánudaginn 6. desember 1982.

Nr. 117/1980. **Páll Helgason**

(Jón Hjaltason hrl.)

gegn

Vestmannaeyjakaupstað

(Þorsteinn Júlíusson hrl.).

Fasteignagjöld. Dráttarvextir. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og settir hæstaréttardómarar Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi hefir skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. júlí 1980. Hann gerir þar dómkröfur, að stefndi, Vestmannaeyjakaupstaður, verði dæmdur til að leiðrétta fasteignagjaldareikninga hans, þannig að niður verði felldar af reikningum vegna fasteignanna Heiðarvegar 1, Heiðarvegar 3 og Hólagötu 16, Vestmannaeyjum, skuldfærslur á þá vegna dráttarvaxta, sem miðað við áramótin 1976/1977 hafi numið 149.743 gömlum krónum auk dráttarvaxta, er síðan hafi verið reiknaðir á þessa áramótaskuld. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Svo sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, er hin umdeilda fjárhæð, 149.743 gamlar krónur, dráttarvextir vegna vanskila á fasteignagjöldum áfrýjanda á árunum 1974, 1975 og 1976 miðað við áramótin 1976/1977. Ekki er tölulegur ágreiningur í málinu. Sömuleiðis er það án ágreinings, að sjálf fasteignagjöldin (höfuðstóll skuldarinnar) hafi verið að fullu greidd 23. nóvember 1976. Dráttarvextirnir voru reiknaðir samkvæmt ákvæðum 43. gr. laga nr. 8/1972, sbr. 18. gr. og ákvæði til bráðabirgða, a lið, í lögum nr. 11/1975.

Áfrýjandi byggði kröfur sínar í héraði og síðar fyrir Hæstarétti á þeirri aðalmálsástæðu, að gegn greiðslunni 23. nóvember 1976 hefði stefndi látið „fyrirvaralausar fullnaðargreiðslukvittanir fyrir eftirstöðvum fasteignagjalda 1976 og eldri...“ Eftir það hafi ekki getað „kviknað skuld á fasteignagjaldareikningunum fyrr en nýr höfuðstóll myndaðist, þ. e. með álagningu fasteignagjalda ársins 1977“. Fallast má á úrlausn héraðsdómara á þessari málsástæðu með þeirri athugasemd þó, að dráttarvextir þeir, er málið snýst um, eru lögskipaðir samkvæmt fyrrgreindum lagaákvæðum. Í málinu er ekki fram komið, að áfrýjandi hafi mátt vanta þess, að fallið yrði frá innhentu vaxtanna vegna persónubundinna aðstæðna hans.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi borið fram þá málsástæðu, að dráttarvextirnir væru fyrndir eftir 2. og 3. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Af hálfu stefnda er þessu mótmælt með þeim rökum, að þessa málsástæðu hefði mátt hafa uppi í héraði að svo miklu leyti sem dráttarvextir kynnu að hafa verið fyrndir, er sáttakæra var birt, og sé hún því of seint fram komin. Auk þess var því haldið fram, að fyrningu hefði verið slitið með málshöfðun áfrýjanda.

Er áfrýjandi greiddi fasteignagjöldin 23. nóvember 1976, viðurkendi hann greiðsluskyldu sína á dráttarvöxtum. Við það tímamark þykir eiga að miða upphaf fyrningarfrests vaxtanna. Þegar sáttakæran í málinu var birt 23. janúar

1979 var ekki tilefni fyrir hann að hafa fyrningu þeirra uppi sem málsástæðu. Að þessu athuguðu þykja skilyrði 45. gr. laga nr. 75/1973 uppfyllt, svo að taka megí þetta atriði til úrlausnar fyrir Hæstarétti.

Vextir þeir, er málið snýst um, fynast á fjórum árum, svo sem haldið er fram af áfrýjanda. Málshöfðun hans með kröfugerð um lausn undan greiðsluskyldu vaxtanna sleit ekki fyrningu þeirra eftir lögum nr. 14/1905. Eigi er neitt komið fram í málinu, er sýni, að fyrningu hafi verið slitið með öðrum hætti. Samkvæmt framanrituðu ber að fallast á það með áfrýjanda, að hinir umdeildu dráttarvextir séu fyrndir.

Kröfugerð áfrýjanda verður að skilja sem kröfu um viðurkenningardóm þess efnis, að honum sé óskylt að greiða stefnda hina umdeildu vexti. Ber að taka kröfuna til greina, enda varðar hún ágreiningsmál aðilja, sem áfrýjandi hefur lögvarða hagsmuni af að fá úr skorið.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 12.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Áfrýjanda, Páli Helgasyni, er óskylt að greiða stefnda, Vestmannaeyjakaupstað, hina umdeildu dráttarvexti, 1.497.43 krónur (149.743 gamlar krónur), miðað við áramótin 1976/1977 auk þeirra dráttarvaxta, er af þessari fjárhæð hafa síðan verið reiknaðir.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað, 12.000.00 krónur, í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 14. maí 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. apríl sl., hefur Páll Helgason, Hólagötu 16, Vestmannaeyjum, höfðað með stefnu, útgefinni 17. mars 1979, að undangenginni sáttakæru, útgefinni 14. janúar 1979, birtri 23. janúar sama ár, á hendur Vestmannaeyjakaup-

stað, Vestmannaeyjum. Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að leiðrétta fasteignagjaldareikning stefnanda hjá kaupstaðnum og verði felldar niður af reikningnum skuldfærslur vegna meintra dráttarvaxta miðað við áramót 1976/1977, kr. 149.743 auk dráttarvaxta, sem síðar hafa verið reiknaðir á téða „áramótaskuld“, enn fremur verði stefnda dæmt að greiða stefnanda málskostnað að mati réttarins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Sættir voru reyndar hjá sáttanefnd, en reyndust árangurslausar, og einnig hafa allar síðari sáttatilraunir reynst árangurslausar.

Málavextir.

Stefnandi, sem var eigandi fasteignanna Heiðarvegar 1, Heiðarvegar 3 og Hólagötu 16, fékk þann 9. ágúst 1977 sent frá innheimtu Vestmannaeyjakaupstaðar fasteignagjaldayfirlit vegna þessara fasteigna tímabilið 1. janúar 1977 til 31. júlí 1977. Varðandi Heiðarveg 3 var skuld miðuð við 1. janúar 1977 talin vera á yfirlitinu kr. 16.032. Yfirlit varðandi Heiðarveg 1 tilgreindi skuld 1. janúar 1977 kr. 80.499. Yfirlitið varðandi Hólagötu 16 tilgreindi skuld 1. janúar 1977 kr. 53.212. Þá var stefnanda þann 9. ágúst 1977 einnig send tilkynning um dráttarvexti af fasteignagjöldum varðandi Heiðarveg 1 og Hólagötu 16, þar sem fram kemur, að útreiknaðir hafi verið dráttarvextir í júlí 1977 og væru þeir kr. 2.012 varðandi Heiðarveg 1 og kr. 1.330 varðandi Hólagötu 16. Þá segir í sömu tilkynningu, að gjaldfallin skuld að meðtöldum dráttarvöxtum sé kr. 89.586 vegna Heiðarvegar 1 og kr. 57.760 vegna Hólagötu 16.

Er stefnandi fékk framangreindar tilkynningar og yfirlit, hafði hann þegar leitað til lögfræðings vegna fasteignagjalda-reiknings síns hjá Vestmannaeyjakaupstað, og þann 10. júní 1977 ritar lögmaður stefnanda kaupstaðnum svofellt bréf:

„Mér hefur falið Páll Helgason, Hólagötu 16, Vestmannaeyjum, að fara þess á leit við yður, að þér leiðréttið fasteignagjalda-reikning hans hjá kaupstaðnum.

Páll greiddi öll fasteignagjöld sín á árinu 1976, þau sem þá og áður voru gjaldfallin, og fékk kvittun fyrir eftirstöðvum fasteignagjalds 1976, kr. 190.008.- og fyrir eftirstöðvum fasteignagjalds 1976, kr. 190.008.- og fyrir eftirstöðvum fasteignagjalds 1975, kr.

62.110.- og lóðarleigu 1976, kr. 5.820.-, dags 23. 11. 1976. Var hann þá skuldlaus og kvitt við kaupstaðinn með fasteignagjöld sín. Nú í dag var hann samt að fá tilkynningu um dráttarvexti af fasteignagjöldum, dags. 06. 06. 1977, kr. 55.100.- og þar af reiknaðir dráttarvextir í júní 1977, kr. 1.330.-. Þessi skuld fær ekki staðist, þar sem Páll hafði fengið athugasemdalaus fullnaðargreiðslukvittun fyrir árin 1975 og 1976, eins og að framan greinir, og greiddi upp fasteignagjöldin 1977 í byrjun mars 1977.

Samkvæmt þessu er ekki um neinn gjaldstofn að ræða til að reikna dráttarvexti af né heldur heimilt að reikna dráttarvexti af dráttarvöxum, sem gert er með áminnztu bréfi kaupstaðarins.

Er hér með óskað eftir því, að framangreindur reikningur verði leiðréttur og færður í skuldlaust horf, eins og hann var við greiðsluna 23. 11. 1976, enda enginn gjaldstofn myndast síðan, er réttlætti dráttarvaxtarreikning.“

Ekki er áminnsta tilkynningu, dags. 6. júní, að finna meðal málsskjala, en þótt svarbréf bærst ekki frá kaupstaðnum, fær stefnandi sendar áðurgreindar tilkynningar og yfirlit þann 9. ágúst 1977. Þann 29. nóvember 1977 sendir lögmaður stefnanda kaupstaðnum ítrekunarbréf, þar sem krafist er, að fasteignagjaldareikningur stefnanda hjá kaupstaðnum verði færður í rétt horf, þannig að felldir séu úr þeir ranglega skulduðu dráttarvextir, sem þangað voru færðir eftir áramót 1976/1977, er reikningurinn var sléttur, eins og segir í bréfinu. Í lok bréfsins segir, að vænst sé leiðréttingar í síðasta lagi fyrir 4. des. 1977, svo komst verði hjá málssókn.

Þann 30. nóvember 1977 ritar þáverandi bæjarlögmaður Vestmannaeyja lögmanni stefnanda loks svarbréf, þar sem segir m. a.: „Sem svar við bréfum yðar, dags. 10. 06. 1977 og 29. 11. 1977, skal yður tjáð eftirfarandi:

Það fyrirkomulag, sem notað var hjá bæjarsjóði Vestmannaeyja við útreikning dráttarvaxta til loka árs 1976, gerði það ekki mögulegt að reikna út áfallna dráttarvexti á staðnum og samtímis því, að gjaldandi lauk við greiðslu á höfuðstóli skuldarinnar. Venjulega eru þessir útreikningar flóknari en svo, að varlegt geti talist að fela þá afgreiðslufólki í innheimtudeild, þar sem oftast er erill og ónæði.

Af þeim sökum tíðkaðist sú tilhögun að reikna áfallna vexti ekki út fyrr en í árslok og innheimta þá eftirá.“ Og síðar í bréfinu segir enn fremur „Um áframhaldandi álagningu dráttarvaxta á þessu ári er það að segja, að þeir reiknast á vaxtaskuld frá fyrra

ári, eins og hún var um s.l. áramót. Þetta þýðir það, að á 12 mánaða fresti eða um hver áramót leggjast áfallnir dráttarvextir við höfuðstól skuldarinnar eða mynda nýjan höfuðstól, sé skuldin að öðru leyti greidd.“ Í lok bréfsins segir síðan: „Samkvæmt framansögðu eru ekki efni til leiðréttingar á fasteignagjaldareikningi umbj. yðar.“

Enn ritar þann 6. desember 1977 lögmaður stefnanda Vestmannaeyjakaupstað bréf, þar sem hann áréttar tilmæli stefnanda um, að fasteignagjaldreikningar stefnanda verði leiðréttir og færðir í skuldlaust horf, og síðan eru tilgreindar þær skuldfærslur, sem óskað var eftir, að felldar yrðu af reikningunum, með samsvarandi höfuðstól og sundurliðun og síðar greindi í sáttakæru, en síðan segir í bréfi þessu: „Ég leyfi mér að vænta þess, að verði haldið við synjun kaupstaðarins á þessari sjálf-sögðu leiðréttingu, verði erindi þetta sent bæjarráði Vestmannaeyja til umfjöllunar, og fáist ekki leiðrétting með öðrum hætti, verður ekki unnt að komast hjá málssókn til að fá leiðréttingu þessa.“ Erindi tefnanda var síðan tekið fyrir hjá bæjarráði, sem synjaði erindinu.

Vitnið Áki Heinz Haraldsson, 32 ára innheimtufulltrúi Vestmannaeyjakaupstaðar, sagði, að er stefnandi hefði greitt fasteignagjöld sín, hafi hann fengið viðurkenningu um fullnaðargreiðslu á höfuðstól fasteignagjalda, en ekki hafi verið tekið tillit til dráttarvaxta. Á þessum tíma hafi það verið þannig, að í upphafi hvers árs hafi höfuðstóll fasteignagjalda fyrir viðkomandi fasteign verið færður inn á sérstök kort fyrir viðkomandi fasteign og þá jafnframt verið færðir inn dráttarvextir framreiknaðir frá eindaga til ársloka. Við hverja innborgun fasteignagjalda hafi verið fært sérstakt ták (tölvustafir) og með því að greitt væri á tilskildum tíma, hafi bókaðir dráttarvextir fallið niður ella lækkuðu, ef greitt var utan þess tíma, í samræmi við innborgunarmánuði. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort Páll hefði, er hann greiddi 23. nóvember 1976, verið látinn vita um, að hann skuldaði dráttarvexti. Vitnið kvaðst hins vegar ekki rengja stefnanda að þessu leyti, en hafi hann sagt það, sem eftir sér sé haft á dskj. 7, þá hafi sér ekki farist nógu vel orð eða það verið nógu greinargott. Vitnið sagði hins vegar, að ekki hefði verið byrjað að senda út sérstakar dráttarvaxtatilkynningar fyrr en á árinu 1977, er nýtt kerfi hafi verið tekið í notkun.

Fyrir 1977 hafi tilkynning til gjaldanda einungis verið þannig gerð, að hægt var að sjá álögð gjöld fyrir tiltekið ár og gjaldlega

í því sambandi, en ekki tíðkast að senda tilkynningar fyrir eldri gjöldum eða dráttarvöxtum, en tölvuspjöld fyrir viðkomandi hafi þó sýnt dráttarvexti fyrir hvert ár. Er stefnandi hafi komið og greitt fasteignagjöldin 23. nóvember 1976, þá hafi þannig af hálfu kaupstaðarins ekki verið búið að senda honum skriflega tilkynningu um, að hann skuldaði dráttarvexti frá fyrri árum. Sér hefði hins vegar átt að vera mögulegt að sjá, hverjir dráttarvextir voru fyrir árin 1974 og 1975, og varðandi útreikning á dráttarvöxtum fyrir árið 1976 hefði hann getað haft samband við viðkomandi innheimtustjóra.

Þá sagði vitnið, að er það tók við greiðslu frá stefnanda 23. nóvember 1976, hefði sér átt að vera fyllilega ljóst, að stefnandi skuldaði dráttarvexti frá fyrri árum. Vitnið kvaðst ekki minnst þess að hafa gefið stefnanda né öðrum gjaldendum til kynna, að ekki þyrfti að greiða dráttarvexti af gjaldföllum fasteignagjöldum. Varðandi dráttarvexti á útsvörum sagði vitnið, að öll vinnsla hefði verið sett í tölvu, en í stöku tilfelli sagðist vitnið hafa reiknað út dráttarvexti eða borið þá undir innheimtustjórann.

Varðandi greitt útsvar stefnanda fyrir árið 1976 (dskj. 14) sagðist vitnið ekki vera visst um, hvort það hefði leitað til viðkomandi tölvuspjalds og dráttarvextirnir fengnir þaðan, en þó geti það eins verið, að það hefði sjálft reiknað út þessa dráttarvexti, vegna þess að það hafði formúluna, þó slíkt hefði heyrt til undantekninga, en loks gæti það hafa verið, að það hefði fengið útreikninginn hjá innheimtustjóranum.

Vitnið taldi sig minna, að dráttarvextir hefðu ekki verið reiknaðir jafnsnemma á gjaldfallin fasteignagjöld og verið hafi á útsvör, en hins vegar hafi dráttarvextir í báðum tilvikum verið reiknaðir sem viss prósentu fyrir hvern mánuð. Vitnið staðfesti að hafa haft aðgang að viðkomandi tölvuspjaldi, er stefnandi greiddi fasteignagjöldin, en eins og fram hafi komið, hafi ekkert verið aðhafst varðandi dráttarvextina, aðeins fasteignagjaldastofninn innheimtur. Vitnið sagði, að almennt hafi skammstöfunin est. verið notuð fyrir orðið eftirstöðvar, þótt nokkuð handhófskennt hafi verið, hvort það hafi verið fært á kvittanir við greiðslu, þ. e. á þessum tíma, og í því sambandi segir vitnið, að stundum hafi það einungis verið gert að beiðni viðkomandi greiðanda. Skammstöfunin est. á dskj. nr. 11 þýddi þannig, sagði vitnið, að greiðandinn Páll Helgason hefði verið að greiða með kr. 190.008 greiðslu eftirstöðva fasteignagjaldsstofn fyrir árið 1976

og með kr. 62.110 hafi hann verið að greiða eftirstöðvar fasteignagjaldsstofns fyrir árið 1975. Eins og það var tilviljunarkennt, hvort skammstöfunin est. kom fram á kvittunum gjaldenda, hafi það verið jafntilviljunarkennt, að menn væru látnir vita, að þeir skulduðu dráttarvexti, er þeir fengu kvittanir um greiðslu eftirstöðva. Vitnið, sem hóf störf hjá stefnda í desember 1973 og tók ekki við stöðu innheimtufulltrúa fyrr en í ársbyrjun 1976, sagði, að það hefði verið hluti af starfi sínu að veita móttöku fasteigna- og útsvarsgjöldum. Vitnið sagðist hins vegar ekki hafa haft heimild til að gefa eftir dráttarvaxtakröfur vegna fasteignagjalda, en einungis heimilt að leiðrétta sýnilegar rangfærslur. Þá hafi það ekki falist í starfi sínu að senda tilkynningar varðandi fasteignagjöldin, heldur verið í verkahring innheimtustjóra á hverjum tíma. Vitnið staðfesti loks, að það hefði tekið á móti greiðslum á dskj. nr. 11—14, og kannaðist við nafnritun sína um greiðsluviðurkenningu á þeim dómskjölum.

Stefnandi, Páll Helgason, 46 ára bfreidarstjóri, Hólagötu 16, Vestmannaeyjum, sem kom fyrir réttinn til aðiljayfirheyrslu, sagðist hafa gert sér ljóst, að dráttarvexir mundu falla á fasteignagjöldin fyrir árin 1974, 1975 og 1976, og því hafi hann beðið sérstaklega um það 23. nóvember 1976, að reiknaðir yrðu á hann dráttarvextir. Staðfesti stefnandi síðan, að tilvitnanir á dskj. nr. 7 í þessu sambandi væru allar rétt tilgreindar. Kvaðst stefnandi hafa litið svo á, að eftir gos hafi verið farið mildum höndum um fasteignagjaldendur, og það hafi því komið sér í opna skjöldu, er krafði hafi verið um dráttarvexti af þessum gjöldum á árinu 1977. Þannig hefði það verið á árunum 1974—1976 og hefði hann eins og allir aðrir einungis fengið seðil með álögðum gjöldum og gjalddögum, en ekki verið krafinn um dráttarvexti fyrr en á árinu 1977. Tók stefnandi fram, að hann hefði sett auglýsingu í eitt af bæjarblöðunum, þar sem óskað hafi verið eftir, að þeir, sem krafðir hefðu verið um dráttarvexti af þessum gjöldum fyrir 1974—1976, hefðu samband við sig. Hefði fjöldi manns haft samband við sig í þessu sambandi og komið hafi í ljós, að enginn hefði verið krafinn um dráttarvexti fyrr en á árinu 1977.

Málsástæður og lagarök aðilja.

Af hálfu stefnanda er byggt á því, að stefnandi hafi fengið fyrirvaralausna kvittun um fullnaðargreiðslu á fasteignagjöldum 1976 og eldri þann 23. nóvember 1976. Skammstöfunin est. hafi verið rituð á kvittanirnar og hafi sá starfsmaður stefnda, sem

það hafi ritað, vitnið Áki Heinz Haraldsson, innheimtufulltrúi stefnda, staðfest það hér fyrir réttinum, að skammstöfunin stæði fyrir eftirstöðvar. Í þessu sambandi beri að hafa í huga, að fyrst eigi að greiða kostnað af kröfu, síðan vexti og loks höfuðstól. Ljóst sé, að innheimuaðili, sem búinn sé að gefa fullnaðarkvittun fyrir greiðslu höfuðstóls, geti ekki síðar meir krafist vaxta af þeim höfuðstól, sem hafi verið kvittaður út. Í þessu tilviki sé ekki til neinn höfuðstóll af fasteignagjöldum til að reikna vexti af. Stefnda beri þannig tvímælalaust skylda til að leiðrétta fasteignagjaldareikninga stefnanda hjá stefnda, eins og farið sé fram á í máli þessu, en hins vegar snúist málið ekki um það, hvort vextir séu rétt reiknaðir.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að kaupstaðnum sé skv. lögum um tekjustofna sveitarfélaga heimilt að reikna fasteignagjaldendum í Vestmannaeyjum dráttarvexti, ef fasteignagjöldin eru ekki greidd á réttum gjalddögum, sem kaupstaðurinn ákveður skv. áðurnefndum lögum. Þá byggist fasteignagjaldið einnig á heimild kaupstaðarins til að leggja á og innheimta fasteignaskatt á eigendur fasteigna í Vestmannaeyjum, sbr. 3. og 4. gr. áðurnefndra laga. Seðlabanki Íslands ákveði hins vegar hámark og lágmark vaxta, séu vaxtaákvarðanirnar birtar í Lögbirtingablaði. Í máli þessu sé um að ræða höfuðstól skulda á þremur árum, en útreikningur komi fram á dskj. nr. 15, sem sé tölvuútskrift á fasteignagjaldakortum stefnanda hjá stefnda. Fasteignagjaldið sé árlega fært á viðkomandi fasteignagjaldakort og komi dráttarvextirnir þegar fram á fasteignagjaldakortinu, framreiknaðir til ársloka, en falli hins vegar niður, ef greitt er á tilskildum tíma, ella lækki, ef greitt er utan þess tíma, í samræmi við innborgunarmánuði, eins og komi fram í framburði Áka Heinz Haraldssonar innheimtufulltrúa. Eins og fram komi í sama framburði, hafi fasteignagjaldaseðlar verið sendir út árlega. Með því að gjaldandinn Páll Helgason, stefnandi máls þessa, greiddi ekki fasteignagjöld sín á réttum tíma, var kaupstaðnum heimilt að reikna honum dráttarvexti. Það sé hins vegar alrangt, sem stefnandi hafi látið að liggja, að ekki hafi tíðkast að reikna dráttarvexti á fasteignagjöld frá umræddu tímabili. Á dskj. nr. 19, sem séu gögn úr bókhaldi bæjarins varðandi innheimtu fasteignagjalda og dráttarvaxta af þeim, komi fram, að gjaldendum hafi ekki verið gefnir eftir dráttarvextir af fasteignagjöldum umræddra ára. Hins vegar sé það rétt, að innheimtan hafi á þessum tíma verið slæleg. Stefndi, sem hafi vitað, er hann greiddi fasteignagjöld

á árinu 1976, að hann skuldaði dráttarvexti af þeim gjöldum, hafi á engan hátt getað vænst að fá aðra afgreiðslu en þeir aðrir fasteignagjaldendur, sem ekki höfðu staðið í skilum með greiðslur sínar, með því að niðurfelldir yrðu dráttarvextirnir. Stefnandi hafi á engan hátt sýnt fram á, að álagningin hafi verið ólögsmæt og að ekki sé heimilt að reikna af henni dráttarvexti. Ósannað sé einnig, að dráttarvaxtaskuldin hafi verið gefin eftir. Þá sé loks á það að líta, að rangt sé hjá stefnanda, að fyrst eigi að greiða kostnað af kröfu, síðan vexti og loks höfuðstól, því skuldarinn hafi ávallt val um það, hvort hann greiði höfuðstól, vexti, kostnað o. s. frv.

Niðurstaða.

Ekki er um það deilt í máli þessu, að stefnandi greiddi fasteignagjöld af fasteignum sínum vegna álagðra gjalda 1975 og 1976 þann 19. ágúst 1976 og 23. nóvember 1976. Þá er einnig ljóst, að þann 23. nóvember 1976 fékk stefnandi greiðsluviðurkenningu hjá þeim starfsmanni stefnda, er tók við fasteignagjaldagreiðslum, er sýndi, að stefnandi hafði þá greitt eftirstöðvar fasteignagjalda af Heiðarvegi 1 vegna álagðra gjalda 1975 og 1976. Þá kemur fram í framburði stefnanda, að hann gerði sér ljóst, er hann greiddi fasteignagjöldin 23. nóvember 1976, að reiknaðir yrðu á hann dráttarvextir fyrir árin 1974, 1975 og 1976, en hins vegar verður að telja, að ekki liggi ljóst fyrir eða hafi verið staðfest, að stefnandi hafi beðið sérstaklega um það, er hann greiddi 23. nóvember 1976, að reiknaðir yrðu á hann dráttarvextir, þar sem telja verður, að fyrirvarar vitnisins Áka Heinz á því að staðfesta tilgreinda fullyrðingu stefnanda leiði til slíkrar niðurstöðu.

Ómótmælt er af stefnanda, að stefndi sendi árlega út tilkynningar til gjaldenda fasteignagjalda, þar sem álögð gjöld ársins voru tilgreind og gjalddagar í því sambandi, og var gjalddagi tilgreindur 15. janúar álagningarárið.

Stefnda var því heimilt eftir 15. janúar 1974 að færa til skuldar á fasteignareikning stefnanda hjá stefnda dráttarvexti (van-skilavexti) vegna ógreidds fasteignagjalds, væri ekki greitt á réttum gjalddaga.

Af gögnum málsins sést (dskj. 15), að stefnandi greiddi ekki álagt fasteignagjald 1974 fyrir Heiðarveg 3 fyrr en 3. júlí 1975, og eins og á dskj. 15 sést, voru þá þegar fallnir á stefnanda dráttarvextir vegna þeirra gjalda. Álagt fasteignagjald 1974 fyrir

Heiðarveg 1 greiddi stefnandi 3. júlí 1975. Álagt fasteignagjald 1974 fyrir Hólagötu 16 greiddi stefnandi 3. júlí 1975, og höfðu þá myndast dráttarvextir á hvor tveggja gjöldin.

Álagt fasteignagjald 1975 fyrir Heiðarveg 3 greiddi stefnandi 19. ágúst 1976. Upp í fasteignagjald 1975 fyrir Heiðarveg 1 greiddi stefnandi kr. 80.000 þann 19. ágúst og að fullu 23. nóvember 1976. Álagt fasteignagjald 1975 fyrir Hólagötu 16 greiddi stefnandi 10. nóv. 1975. Dráttarvextir höfðu myndast, er gjöld þessi voru greidd.

Álagt fasteignagjald 1976 fyrir Heiðarveg 3 greiddi stefnandi 19. ágúst 1976. Álagt fasteignagjald 1976 fyrir Heiðarveg 1 greiddi stefnandi 23. nóvember 1976 og fyrir Hólagötu 16 19. ágúst 1976. Dráttarvextir höfðu myndast, er gjöld þessi voru greidd.

Stefnandi hefur ekki hreyft þeirri málsástæðu, að dráttarvextir þeir, sem um ræðir í máli þessu, séu fyrndir, og verður því ekki byggt á því atriði í niðurstöðu eða um það atriði sérstaklega fjallað.

Ljóst er, að innheimta fasteignagjaldanna var of losaraleg, og starfsmaður sá, er tók á móti greiðslum í þessu sambandi, hafði ekki fengið nægilega starfsleiðbeiningu hjá yfirmanni sínum. Hvort tveggja var til þess fallið að rýra það traust, sem hinn almenni greiðandi mátt bera til innheimtunnar. Þá var sú tilhögun að reikna áfallna vexti ekki út fyrir en í árslok og innheimta þá eftir á, ekki til þess fallin að vekja gagnkvæmt traust milli hins almenna greiðanda og kaupstaðarins.

En með því að stefnandi greiddi ekki fasteignagjöld sín á réttum gjalddögum, var kaupstaðnum heimilt að reikna á gjöldin dráttarvexti. Stefnandi hefur hins vegar ekki reynt að sýna fram á, að útreikningur dráttarvaxtanna sé rangur. Þannig þykir ekki verða hjá því komist að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, enda þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að óheimilt væri að leggja dráttarvexti á hin álögðu fasteignagjöld né að dráttarvaxtaskuld stefnanda hafi verið gefin honum eftir, þótt starfsmanni stefnda hafi augljóslega borið að vekja athygli stefnanda á því, að hann ætti ógreidda dráttarvexti, er hann gaf honum kvittun fyrir eftirstöðvum hinna álögðu fasteignagjalda.

Í samræmi við það, sem nú hefur verið rakið, þykir verða að sýkna stefnda, Vestmannaeyjakaupstað, af kröfum stefnanda, Páls Helgasonar, í máli þessu, en málskostnaður skal niður falla.

Jón Ragnar Þorsteinsson aðalfulltrúi kvað upp dóm þennan og tók við málinu 6. eptember 1979.

Dómsorð:

Stefndi, Vestmannaeyjakaupstaður, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Páls Helgasonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudagur 7. desember 1982.

Nr. 236/1982. Árfell h/f
 gegn
 Ásgeiri Þormóðssyni.

Kærumál. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son og Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili, Árfell h/f, Súðarvog 28, Reykjavík, höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 4. mars 1982, á hendur varnaraðilja, Ásgeiri Þormóðssyni, Flúðaseli 64, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð 14.000.00 krónur ásamt 39% ársvöxtum frá 6. janúar 1982 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Sóknaraðili kveður málavexti þá, að með verksamningi, dagsettum 27. júlí 1981, hafi hann tekið að sér að smíða handrið og skilrúm fyrir stefnda í húsi hans að Flúðaseli 64, Reykjavík, samkvæmt verklýsingu. Verkið hafi kostað 25.000.00 krónur með uppsetningu og verið afhent 29. október 1981. Stefndi hafi greitt 11.000.00 krónur, þannig að eftirstöðvarnar nemi stefnufjárhæðinni.

Mál þetta var þingfest í héraði hinn 9. mars 1982. Varnar-